

Ár 2017, fimmtudaginn 4. maí, er fundur haldinn í Aga- og úrskurðarnefnd KSÍ á skrifstofu Knattspyrnusambands Íslands í Laugardal, Reykjavík af nefndarmönnum Gunnari Guðmundssyni, Halldóri Frímannssyni og Helga R. Magnússyni.

Fyrir er tekið málið nr. 1/2017

Hamar
gegn
Árborg

Gögn málsins merkt nr. 1-3 liggja frammi. Er nú í nefndinni kveðinn upp svohljóðandi

ÚRSKURÐUR:

I.

Kærandi:

Hamar
Fyrirsvarsmaður: Þorsteinn T. Ragnarsson

Kærði:

Ungmennafélagið Árborg
Fyrirsvarsmaður: Hafþór Theodórsson

Mál þetta var móttekið af skrifstofu KSÍ þann 2. maí s.l. Kærða var gefinn kostur á að skila greinargerð og barst hún þann 3. maí. Jafnframt bárust sama dag skýringar frá dómara hlutaðeigandi leiks.

Kröfur:

Kærandi krefst þess að úrslit í leik Árborgar og Hamars sem fram fór þann 29. apríl 2017 verði dæmd ógild og að leikurinn verði endurtekinn. Til vara er þess krafist að leik verði haldi áfram frá þeim tímapunkti sem dómari flautaði leikinn af þar sem lokastaða leiksins var réttilega 3-3 en ekki 4-3.

Kærði krefst sýknu af öllum kröfum kæranda í máli þessu.

II.

Málsatvik og ágreiningsefni:

Kærandi lýsir málavöxtum þannig að í hinum tilgreinda leik milli Árborgar og Hamars hafi dómari leiksins gert mistök við framkvæmd vítaspyrnukeppni en leik lauk með markalausum jafntefli eftir framlengingu. Atvikið sem kært sé varði aðra spyrnu Árborgar en sú spyrna virtist fara fram hjá markinu og í hliðarnetið vinstra megin. Dómari og aðstoðardómari 1 hafi talið svo vera og ekki dæmt mark. Hamar tiki síðan sína aðra spyrnu og skori. Árborgarmenn mótmæla kröftuglega því að spyrna þeirra nr. 2 hafi ekki verið dæmd mark þar sem þeir vilji meina að boltinn hafi farið í markið og síðan út um netið á markinu. Dómari kalli þá til aðstoðardómara og þeir funda um málið og er niðurstaðan sú að önnur spyrna Árborgar hafi verið mark og því breyti dómari úrskurði sínum eftir að leikur er hafinn að nýju en það sé honum óheimilt.

Kærandi vísar til 5.gr. knattspyrnulaga en þar segir að dómari geti ekki breytt úrskurði sínum jafnvel þó hann komist sjálfur að raun um eða eftir ábendingu annarra í dómarateyminu að dómurinn sé rangur, ef leikurinn hefur verið hafinn að nýju eða ef dómurinn hefur flautað til loka fyrri eða seinni hálfleiks (þ.m.t. framlengingar) og farið út af leikvellingum eða hafi hann slitið leiknum.

Kærði mótmælir atvikalýsingu kæranda og gerir miklar athugasemdir við lýsingu hans á umræddri vítaspyrnu. Segir hann boltann hafa greinilega farið yfir marklínuna og þaðan gegnum gat á neti sem þar var. Leikmaður kærða sem spyrnuna tók hafi fangað marki sínu. Þegar í ljós hafi komið að dómari hafi ekki dæmt mark hafi leikmenn mótmælt kröftuglega enda þeir horft á eftir boltanum í markið. Það hafi ekki gengið og Árborg því tekið næstu spyrnu. Leikmenn héldu hins vegar áfram að ræða við aðstoðardómara 2 sem stóð í miðjuhring og hann hafi staðfest við þá að um mark hafi verið að ræða. Í framhaldinu hafi dómari fundað með aðstoðardómurum og séð gat á neti marksins og í kjölfarið breytt fyrri ákvörðun sinni og dæmt mark. Við þá ákvörðun hafi kærandi ekki gert neina athugasemd meðan á vítaspyrnukeppninni stóð heldur einungis eftir að í ljós kom að kærandi hafði tapað vítaspyrnukeppninni. Þá vísar kærði til þess að dómara leiksins hafi ekki notast við fjarskiptabúnað við vítaspyrnukeppnina en ef svo hefði verið hefði mál þetta aldrei komið upp þar sem aðstoðardómari 2 hefði þá einfaldlega tilkynnt að um mark hefði verið að ræða. Telur kærði að hann eigi ekki að bera hallan af því að dómara leiks hafi ekki notast við fullnægjandi búnað til að sinna störfum sínum.

Kærði vísar máli sínu til stuðnings til þess að 5. gr. knattspyrnulaga 2016/2017 eigi ekki við um vítaspyrnukeppni sbr. 10.gr sömu laga en þar sé sérstaklega tekið fram vítaspyrnukeppni sé haldin ef leik er lokið. Jafnframt vísar kærði í 14. gr. knattspyrnulaga.

III.

Niðurstaða:

Í máli þessu er deilt um það hvort vítaspyrna 2 hjá Árborg í umræddum leik hafi farið fram hjá markinu eða í markið en síðan út um gat á hliðarneti sem sannanlega var til staðar í markinu. Fyrir liggja skýringar frá dómara leiksins á hans þætti málsins og þar kemur fram að hann hafi í fyrstu talið að boltinn hafi ekki farið í markið þar sem hann endaði utan marknetsins og því virst fara fram hjá. Eitthvað hafi þó truflað hann að leikmaðurinn sem spyrnuna framkvæmdi hafi verið harður á því að hafa skorað. Hafi dómari því rætt við aðstoðardómara 1 sem stóð við endalínu en hann hafi ekki verið á því að um mark hafi verið að ræða. Á þessum tímapikti hafi aðstoðardómari 2 sem stóð í miðjuhring ekki vitað hvað hafi verið dæmt. Um það leiti sem Hamar tók sína 2. spyrnu hafi honum verið ljóst að ekki var dæmt mark og gerði hann dómara strax viðvart og eftir fund með dómara var niðurstaða að um gilt mark hafi verið að ræða enda komið í ljós gat á marknetinu. Taldi dómari þetta heimilt þar sem 5. gr. knattspyrnu- laganna heimili slíkt þar sem flautað hafi verið til loka framlengingar.

Í ljósi ofangreinds verður það að teljast hafið yfir allan vafa að 2. vítaspyrna Árborgar hafi farið í markið en síðan farið gegnum gat á hliðarneti og því endað utan marksins.

Þá kemur það til skoðunar hvort dómara leiksins hafi verið heimilt að endurskoða ákvörðun sína um að dæma ekki mark, en óumdeilt er að Hamar hafði tekið sína 2. vítaspyrnu áður en þessi umdeilda ákvörðun var tekin. Skv. 5. mgr. 5. gr. knattspyrnulaga segir að dómari geti ekki breytt úrskurði sínum jafnvel þó hann komist sjálfur að raun um, eða eftir ábendingu annarra í dómarateyminu, að dómurinn sé rangur, ef leikurinn hefur verið hafinn að nýju, eða ef dómurinn hefur flautað til loka fyrri eða seinni hálfleiks (þ.m.t. framlengingar) og farið út af leikvöllinum eða hann slitið leiknum. Spurningin hér er því sú hvort leikurinn hafi verið hafinn að nýju þar sem Hamar hafi tekið sína 2. spyrnu. Í umræddu ákvæði er gerður greinarmunur á tvenns konar atvikum, annars vegar meðan á leik stendur þ.e. fram að lokaflauti leiks og hins vegar atvikum sem eiga sér stað eftir lokaflaut leiks. Í fyrra tilvikinu má dómari ekki breyta ákvörðun sinni eftir að leikur er hafinn að nýju, en í seinna tilvikinu má breyta ákvörðunum t.d. í vítaspyrnukeppni frá lokaflauti framlengingar og þangað til dómari hefur yfirgefið völlinn. Þetta styðst einnig við ákvæði 10. gr. þar sem fram kemur að vítaspyrnukeppni sé haldinn „ef leik er lokið“. Í ljósi þessa verður að telja að dómara hafi verið heimilt að breyta ákvörðun sinni enda var hefðbundum leik lokið en vítaspyrnukeppni tekin við.

Í samræmi við ofangreint er niðurstaðan sú að sýkna beri kærða af öllum kröfum kæranda í máli þessu.

IV.

Úrskurðarorð:

Úrslit í leik Árborgar og Hamars í bikarkeppni KSÍ sem fram fór þann 29. apríl 2017 skulu standa óhögguð.

Helgi R. Magnússon [sign]

Gunnar Guðmundsson [sign]

Halldór Frimansson [sign]

Um áfrýjun:

Samkvæmt grein 17.3 í reglugerð KSÍ um Aga- og úrskurðarmál er frestur til að áfrýja máli til Árýjunardómstóls KSÍ 3 dagar frá því að úrskurður Aga- og úrskurðarnefndar er kveðinn upp og skulu almennir frídagar ekki taldir með.